

EFTIRLITSSKÝRSLA

Víkurlax Ystuvík, Grítubakkahreppi



Dags eftirlits	9.11.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Víkurlax	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Byggðavegi 111	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	510394-2759	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Blöndal	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti en tvær ábendingar voru settar fram er varðar að áætlun um meðhöndlun úrgangs og endurnýtingu fastefnis vantar sem og samningur um móttöku dauðfisks til meðhöndlunar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um litla landeldisstöð fyrir eldi allt að 20 tonnum af laxfiskum er að ræða. Stöðin er með eldisaðstöðu utandyra, bæði í kerjum og tjörnum og rennur frárennslið út í fjöruna neðan stöðvarinnar og þaðan út í sjó.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og stöðu fráviks frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Eitt frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram við síðasta eftirlit er varðar starfsemi án starfsleyfis. Nýtt starfsleyfi rekstraraðila var gefið út þann 25. febrúar sl. og er úrbótum vegna fráviksins því lokið. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Árleg framleiðsla í stöðinni er um 15 tonn en leyfi er fyrir framleiðslu á allt að 20 tonnum. Árið 2020 voru framleidd 15 tonn af regnbogasilung í stöðinni. Allt eldisvatn er sjálfrennandi í stöðinni. Fimm ker eru í stöðinni, tvö þeirra minni og þrjú stærri. Fjórar eldistjarnir eru í stöðinni sem einnig gegna hlutverki settjarna. Ristar eru við frárennslið frá öllum kerjum, á milli allra tjarna og við enda frárennslisins, áður en það rennur um 20m leið út í sjó.

Skv. gr. 4.4 og 4.5 skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit og upplýsingar um losun mengandi efna, árlega og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Fyrstu skil rekstraraðila skv. nýju leyfi eru fyrir 1. maí 2022 og er minnt á þann skiladag. Skráningar voru aðgengilegar í eftirliti og hefur rekstraraðili skilað inn viðbragðsáætlun og neyðaráætlun. Rekstraraðili vinnur að því að setja sér umhverfismarkmið og voru leiðbeiningar varðandi það sem og sýnishorn af ársskýrslum og umhverfisupplýsingum sendar til rekstraraðila að loknu eftirliti. Ekki er gerð krafa um vöktunaráætlun fyrir stöðina. Eintak af starfsleyfi var aðgengilegt á staðnum sem og yfirlitsmynd af stöðinni.

Síðustu mælingar á efnalosun í frárennsli voru gerðar þann 24. nóv sl. og beðið er niðurstaðna frá þeim. Skv. gr. 4.3 skal taka sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lámarki. Minnt er á þær mælingar. Einnig skal skv. gr. 3.5 í starfsleyfi taka myndir við útrásina á tveggja mánaða fresti. Minnt var á það í eftirlitinu.

Engar breytingar hafa verið gerðar á eldiseiningum í stöðinni frá síðasta eftirliti né fóðrun fiskanna en handfóðrað er í stöðinni. Fóðurstuðull um 1,2. Einungis lítið magn af fóðri er geymt í stöðinni hverju sinni, eða um 4-6 stk. 25 kg pokar.

Engin spilliefni voru á staðnum og engin olía er geymd á svæðinu. Geymslugámur var á staðnum sem innihélt fóður og annan búnað til eldisins.

Öllum almennum úrgangi er safnað í gám sem tæmdur er af Terra. Dauðfiskur og lífrænn úrgangur er einnig sóttur af Terra og fer til moltugerðar í Moltu ehf.

Ekki er þörf á meindýravörnum í stöðinni, öðrum en neti yfir kerin þar sem lítið er um fugl á svæðinu og önnur meindýr hafa ekki verið til ama.

Gengið var um stöðina. Ker og tjarnir skoðaðar sem og frárennsli í viðtaka. Enga uppsöfnun fóðurleifa, slý eða annað sem bendir til mengunar var að sjá við útrásina. Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni góð, engar athugasemdir eru gerðar þar um.

ÁBENDINGAR

Ábending er gerð um að gera þurfi umhverfismarkmið fyrir stöðina skv. gr. 2.1 í nýútgefnu starfsleyfi. Einnig er gerð ábending um að gera þurfi áætlun um meðhöndlun úrgangs og endurnýtingu fastefnis skv. gr. 3.10 og að skriflegan samning um móttöku dauðfisks til meðhöndlunar skv. gr 3.9 í starfsleyfi, vantar.

ANNAÐ

Skv. gr. 2.7 í starfsleyfi skal rekstraraðili hafa tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004. Afrit af tryggingaskírteini með gildistíma til 1.7.2022 var til staðar í eftirliti.

Minnt er á að rekstrarleyfi stöðvarinnar rennur út þann 24. janúar nk. og bent á að sækja um nýtt leyfi í tíma.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

Reykjavík, 16.12.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir